

Minnisblað um Ábatamat Samkeppniseftirlitsins 2024

Samkeppniseftirlitið fól mér að yfirfara aðferðafræði, útreikninga og val á forsendum sem stofnunin leggur til grundvallar við mat á ábata vegna íhlutunar Samkeppniseftirlitsins í þeim málum sem lokið var á árinu 2024. Sérstaklega var mér falið að kynna mér aðferðafræði, útreikninga og val á forsendum sem OECD hefur mælt með, sem og sambærilegri aðferðafræði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og meta að hve miklu leyti mat Samkeppniseftirlitsins samræmist þessum aðferðum.

Af 33 ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins á árinu 2024, eru átta sem kom til álita að taka með í ábatamati og birtust í ákvörðunum nr. 6, 13, 21, 28, 29, 32, 33 auk einnar sem er óútgefin. Af þessum átta eru þrjár sem falla undir viðmið OECD og er reiknaður ábati af þeim. Fjórar ákvarðanir eru þess eðlis að þær falla ekki undir viðmiðanir OECD og eru því ekki teknar með í matið. Í einu tilfelli gættir vafa, en í því tilfelli var samrunatilkynning dregin til baka eftir að Samkeppniseftirlitið hafði lagt fram frummat þess efnis að samruninn krefðist íhlutunar. Líklegt má telja að útgáfa frummatsins hafi haft áhrif á að samrunatilkynning var dregin til baka, enda lá fyrir að samruninn yrði ekki leyfður nema með skilyrðum. Ég er því sammála mati Samkeppniseftirlitsins að meta ábata þessa máls með öðrum málum.

Niðurstaða mín er sú að niðurstöða Samkeppniseftirlitsins sé í fullu samræmi við þá aðferðafræði sem OECD hefur mælt með.

Hafa ber í huga að aðferðafræði OECD er ekki gallalaus. Samkeppnismál eru eins mismunandi og þau eru mörg og því felst nokkur ónákvæmi í að miða reikniforsendur við fáeina flokka mála. Eins geta komið upp álitamál við val á veltuviðmiði út frá viðeigandi markaðsskilgreiningu. Aðferðir OECD miða við að meta með einföldum hætti bein áhrif á markaðinn. Til viðbótar má búast við að aðgerðir Samkeppniseftirlitsins hafi fælingaráhrif, auk þess sem áhrif Samkeppniseftirlitsins af leiðbeiningu og óformlegum samskiptum eru ekki talin með. Á heildina lítið má því búast við að um nokkurt vanmat á heildaráhrifum íhlutana Samkeppniseftirlitsins sé að ræða.

Reykjavík, 29. apríl 2025.



Katrín Ólafsdóttir, PhD.

Dósent við Viðskipta- og hagfræðideild Háskólans í Reykjavík